

FRAMKVÆMD KOSNINGA

SFR leggur áherslu á að kosningu trúnaðarmanns sé hrint í framkvæmd eins fljótt og auðið er eftir að kjörgögn hafa skilað sér í hendur trúnaðarmanna. Tilkynningu má senda:

- **Með pósti** til SFR, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík,
- **í bréfasíma** 525-8349 eða
- **á** www.sfr.is

Kjör trúnaðarmanns skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

1. Trúnaðarmaður **skipar kjörstjórn** og hengir upp auglýsingu um kosningu (fylgiskjal 2) á áberandi stað með nöfnum kjörstjórnar. Við val kjörstjórnar skal þess gætt eftir föngum að þeir sem valdir eru komi frá hinum mismunandi starfshópum stofnunarinnar.
2. Kjörstjórn **undirbýr kjörið**:
 - a. Leitar eftir tilnefningu félagsmanna um frambjóðendur. Einnig getur hver félagsmaður gert skriflegar tillögur til kjörstjórnar. Félagsmanni er skylt að gefa kost á sér til framboðs sem trúnaðarmaður nema þær ástæður hamli sem samstarfsmenn meta gildar.
 - b. Fær skriflegt samþykki þeirra, sem tilnefndir hafa verið.
 - c. Auglýsir kosningu með a.m.k. fimm daga fyrirvara og tekur þar fram hverjir eru í framboði.
3. Ef aðeins einn er í framboði má líta á hann sem sjálfkjörinn, en kjörstjórn er einnig heimilt að framkvæma kosningu þrátt fyrir að einn sé í framboði. Við **kosningu** ritar kjósandi nafn þess sem hann kys á atkvæðaseðilinn, brýtur hann síðan saman og stingur í kassa sem kjörstjórn kemur fyrir. Aðeins skal rita nafn eins manns á seðilinn, að öðrum kosti er hann ógildur. Kjörstjórn sér um talningu atkvæða og er öllum, sem rétt áttu til að kjósa, heimilt að fylgjast með. Sá sem fær flest atkvæði er rétt kjörinn trúnaðarmaður og sá sem fær næst flest er rétt kjörinn varamaður hans. Nú fær einn frambjóðandi öll greidd atkvæði og skal hann þá strax skipa varamann. Séu atkvæði jöfn þá ræður hlutkesti.
4. Þegar kjör er yfirstaðið **fullir** kjörstjórn **út meðfylgjandi tilkynningareyðublað** um kjör trúnaðarmanns (fylgiskjal 3) og kemur því til skrifstofu SFR. Hægt er að gera það með margvíslegum leiðum eins og að ofan greinir. Áriðandi er að **kjörstjórn skrifi undir** tilkynninguna. Mikilvægt er að kjörstjórn upplýsi félagsmenn á viðkomandi stofnun um niðurstöðu kosninganna.
5. Ef tilkynning um kjör berst ekki fyrir 31. maí skipar stjórn SFR trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynnir það félögum á vinnustað. Stjórnin leggur hins vegar ofuráherslu á að vinnustaðirnir kjósi sína trúnaðarmenn. Skipun trúnaðarmanns af hálfu stjórnar verður því að skoðast sem neyðarúrræði.

Framkvæmd kosningar er í samræmi við lög SFR, 24. og 25. grein í 9. kafla, og starfsreglur trúnaðarmanna og trúnaðarráðs SFR.